

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. mars 2021  
UST202103-074/S.F.  
04.03

**Efni: Þingsályktunartillaga um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa - 158. mál**

Vísað er til beiðni atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 158. mál, sem barst með tölvupósti þann 3. mars sl.

Regluverk um siglingar farþegaskipa við Ísland byggir á alþjóðasamningum og íslenskri löggjöf svo langt sem hún nær. Ísland er m.a. aðili að hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna og tekur þátt í margvíslegu alþjóðlegu samstarfi á sviði siglingamála. Sem aðili að Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) hefur Ísland fullgilt flesta þá samninga sem gerðir hafa verið á vegum stofnunarinnar sem varða öryggi á sjó (SOLAS o.fl.), mengunarvarnir (MARPOL) og ábyrgð eiganda og rekstraraðila.

Ísland tekur einnig þátt í starfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu (EMSA) á sviði siglingaöryggis og mengunarvarna og eru innleiddar hér á landi ýmsar skuldbindingar sem leiða af EES-samningnum sem snerta umhverfismál og flest svið siglingamála. Skemmtiferðaskip eru von að fara eftir alþjóðlegum reglum og því auðvelt að kynna þær alþjóðareglur um mengunarvarnir skipa sem búið er að innleiða í íslensk lög og reglugerðir

Umhverfisstofnun telur hins vegar nauðsynlegt að styrkja lagagrunn um siglingaöryggi og umhverfismál þar sem sérreglur þurfa að gilda við landið. Koma skemmtiferðaskipa hafði aukist mikið áður en Covid-19 stöðvaði því sem næst komu ferðamanna til Íslands og má ætla að sú þróun haldi áfram þegar ferðaþjónustan verður aftur komin í gang. Aukning var mikil í komu stærri skipa og svokallaðra leiðangursskipa sem leita í landtöku í ósnertri náttúru. Það sem kallar á sérstaka stefnu og betri lagaumgjörð um komu skemmtiferðaskipa umfram aðra ferðaþjónustu er stærð skipanna og fjöldi farþega sem

stoppar við á mjög stuttum tíma og veldur óvenju miklu álagi á áfangastöðum og möguleika á stórslysum. Einnig hafa skipin aðgang frá sjó inn á svæði nálægt landi og á landi, þar sem lífríkið og náttúran getur verið viðkvæm og tjón óbætanlegt út frá náttúruverndarsjónarmiðum. Áhættuþættir eru einnig út frá mengunarsjónarmiðum, t.d. bráðamengunarhætta vegna olíuskaða.

Umhverfisstofnun ásamt Samgöngustofu og Landhelgisgæslu Íslands hefur bent á framangreint og óskað eftir að lagaumgjörð verði bætt, m.a. um landtöku utan hafna, tilkynningaskyldu um fyrirhugaðar siglingaleiðir við strönd landsins, takmarkanir á siglingum yfir eða inn á afmörkuð svæði, siglingar kaþbáta frá farþegaskipum neðansjávar til náttúruskoðunar o.fl.

Umhverfisstofnun styður því að gerð verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa en telur nauðsynlegt að sá hópur sem vinni að stefnumótun um komu skemmtiferðaskipa verði einnig falið að gera tillögur að löggjöf um framangreind efni. Við þá vinnu er mikilvægt að tryggja aðkomu þeirra ráðuneyta og stofnana sem koma að málaflokknum.

Virðingarfyllst,

Sigurrós Friðriksdóttir  
teymisstjóri

Lilja Ólafsdóttir  
lögfræðingur